

## Fjórðungssþing Vestfirðinga

Haldið 2. apríl 2025 í Edinborgarhúsinu á Ísafirði

Þingskjal nr. 4

### Skýrsla stjórnar og ræða formanns

Árið 2024 var að mörgu leyti gott ár fyrir Vestfjarðastofu og Fjórðungssambandið.

Ég á hér að flytja skýrslu stjórnar, en ég tók við formennsku í október á 69. Fjórðungssþingi að hausti. Farsælu fjögurra ára kjörtímabili Jóhönnu Aspar Einarsdóttur lauk þar með og vil ég þakka henni fyrir dygga stjórn þessi ár.

Stjórnarfundir Vestfjarðastofu voru átta og mér telst til að einn stjórnarfundur til hafi verið haldinn hjá Fjórðungssambandinu, en þessir fundir eru jafnan haldnir hvor á eftir öðrum.

Til umfjöllunar hjá stjórn voru ýmis mál sem of langt er að fara yfir ítarlega.

- Sóknaráætlun til 2029 var samþykkt og nýir samningar við ráðuneytin undirritaðir.
- Unnið var að málefnum brothættra byggða.
- Fjallað var um orkumál frá ýmsum sjónarhornum, í kringum Hvalárvirkjun, Vatnsfjörð, orkuskipti, aðkomu að Bláma,
- Skýrslu um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar var skilað
- Skýrslur voru skrifaðar um kolefnisjöfnun á Vestfjörðum og Þjóðgarða á Vestfjörðum
- Skýrsla var skrifuð um Leiðir að byggðafestu á sauðfjárræktarsvæðum
- Hafist var handa við gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði

Þá tók Vestfjarðastofa þátt í ótalmörgum samstarfsverkefnum innan og utan lands. Þá hefur hagsmuna svæðisins verið gætt á ýmsa lund innan stjórnkerfisins, í rituðu máli í formi ályktana og umsagna af ýmsu tagi, sem og fundahalds.

Ekki ber heldur að vanmeta það hlutverk sem stofnunin hefur í því að vakta hræringar í stjórnkerfinu, gert greiningar og aðstoðað þannig upptekna sveitarstjóra og sveitarstjórnarmenn að rækja skyldur sínar.

Alltaf eru mannabreytingar á stofnunum af þessu tagi, en það sem snýr að stjórn hefur verið óbreytt; Sigríður og Aðalsteinn hafa setið í sínum embættum og samstarfið hefur verið farsælt. Rekstur skrifstofu var í jafnvægi eins og ársreikningur ber með sér.

\*\*\*

Árið 2024 var að mjög mörgu leyti besta ár Vestfjarða. Útflutningstekjur laxeldis hafa aldrei verið meiri en 2024. Farþegar á skemmtiferðaskipum hafa aldrei verið fleiri sýnist mér af tölum Patrekshafnar og Ísafjarðarhafna. Gestafjöldi á Dynjanda hefur aldrei verið meiri. Mannfjöldi var sá mesti í 15 ár. Afkoma fyrirtækja og sveitafélaga var almennt góð. Malbikuðum kílómetrum fjölgaði á Vestfjörðum. Og Vestri hélt sér uppi í bestu deildinni.

Þessi ræða sem ég flyt hér er undir yfirskriftinni „skýrsla stjórnar“ fyrir 2024 en það er ekki hægt annað en að ræða hér nokkur mál sem gerst hafa það sem af er ári.

Byrjum á þessu: Í upphafi vikunnar var fjármálaáætlun fyrir árin 2026–30 kynnt.

**Fyrsta atriðið** er að gert er ráð fyrir tvöföldun veiðigjalds. Það má hafa samúð með sjónarmiðum um að almenningur eigi að njóta afraksturs fiskiauðlindarinnar og það er vel ef þær tekjur eru nýttar til góðra verka sem lýðræðislega kjörið fjárveitingarvald ákveður. Hitt er annars augljóst að staðbundin áhrif breytinganna eru líkleg til að verða töluverð, og óvissa leggst jafnan illa í fólk. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga eru byrjuð að gera greiningar á þessu, eins og Vestfjarðastofa, og vonandi ekki langt að bíða þar til hægt er að sýna fram á hvernig aðgerð sem þessi komi til með að líta út í reynd fyrir Vestfirði. Það verður því að gera þá kröfu til stjórnvalda að sjávarplássin á Vestfjörðum með misstórar útgerðir og vinnslu verði ekki meðafli þegar veiðigjaldatrollið er dregið inn. Það er ansi súrt í broti að meðalstórar útgerðir hafni í skotlínu þessa hráskinnaleiks stórúngerða og ríkisvaldsins. Ég hef því átt samtöl við ráðherra málaflokksins sem hefur sagt mér að hlustað verði á þessi sjónarmið við áframhaldandi vinnslu málsins.

**Í öðru lagi** er gert ráð fyrir að halda of háum sérstökum skatti á skemmtiferðaskip, sem ranglega er kallaður innviðagjald þó gjaldið tengist ekki innviðum að neinu leyti. Þetta kemur að vísu ekki beinlínis fram í fjármálaáætlun, en hefur komið fram í fréttum og er væntanlega undirliggjandi tekjuhlið áætlunarinnar. Í málflutningi okkar höfum við bent á að 8% af ferðamönnum sem koma til Íslands heimsækja Vestfirði, en af skemmtiferðaskipunum er þetta hlutfall 2/3. Sérstakur skattur á skemmtiferðaskip, til viðbótar við tollalagabreytingar, kemur því mjög hart niður á Vestfjörðum. Hlutfallslega breytingin er mest í höfnum sem hafa tekið á móti færri skemmtiferðaskipunum, svo sem Bolungarvík, Patreksfirði og Flatey, en í krónum talið mest á Ísafirði.

Þetta er slæm ákvörðun þar sem fórnað er meiri hagsmunum fyrir minni. Mér er þannig til efs, og ég sagði það í símtali mínu við fjármálaráðherra í gær, að reiknilíkön fjármálaráðuneytisins séu með sérstakan dálk fyrir útreikning tekjuskatta einstaklinga og fyrirtækja, og virðisaukaskatt í tengslum við skemmtiskip. Það er hins vegar auðvelt að reikna beinar tekjur af innviðagjöldunum. Ég held því að excel-skjölin (og trúið mér; ég er með doktorsgráðu í excelskjöllum) villi ríkinu sýn í þessu máli.

**Í þriðja lagi** eru það samgöngurnar. Þar er gert ráð fyrir myndarlegri aukningu í samgöngumál, bæði viðhald og framkvæmdir. Þessi aukning nemur um 7 m.kr. á ári og helst talan þar út tímabilið. Það munar um minna, þetta er ríflega 10% aukning.

Farsímasamband á að vera komið á alla stofnvegi á tímabili fjármálaáætlunar. Það er að vísu skref aftur á bak miðað við fyrri áætlanir um að farsímasamband væri komið á stofnvegakerfið í lok næsta árs.

Flug er ekki nefnt sérstaklega, enda textinn knappur í fjármálaáætlun. Líkt og flestir vita hefur Ícelandair gefið út að fyrirtækið muni hætta áætlunarflugi til Ísafjarðar árið 2026. Við hljótum því að gera ráð fyrir að almenningssamgöngur í lofti verði tryggðar með sómasamlegum hætti frá og með næsta ári. Í gær áttum við fund með fulltrúum frá Höfn í Hornafirði, Vestmannaeyjum og Húsavík og ræddum möguleg samstarf í þessu samhengi. Á öllum þessum stöðum hefur molnað undan flugsamgöngum vegna lítils fyrirsjáanleika, stuttra samninga og óhentugra flugvéla. Vestfjarðastofa hefur tekið skýra forystu í þessu máli og við munum halda áfram að finna lausnir sem ekki bara tryggja flug til Ísafjarðar, heldur að það verði af háum gæðum.

Við vonum einnig að vetrarþjónusta og viðhald vega á Vestfjörðum verði ekki útundan í þessu tilliti.

**Í fjórða lagi** er það hækkun fiskeldisgjaldsins. Árið 2019 náðist þokkaleg sátt um eldisgjaldið myndi hækka í sjö þrepum árin eftir upp í 3,5% af alþjóðlegu markaðsverði. Í hitteðfyrri var þetta markmið, 3,5%, hækkað í 4,3%, reynt var að hækka það í 5% en ekki náðist stuðningur við það á þingi. Í fjármálaáætlun er gerð önnur atrenna að því að hækka gjaldið í 5%. Þriðjungur þessa gjalds rennur í fiskeldissjóð, og sem slíkt er það auðvitað mjög verðmætt fyrir sveitarfélögin á svæðinu. Ég held þó, að þegar á heildina sé lítið, sé betra að fá hóflegt hlutfall af eldi sem dafnar heldur en hátt hlutfall af eldi sem ekki á sér stað. Auk þess er ekki góður bragur á því þá sjaldan að reynt er að gera langtímaáætlanir um gjaldtöku, að henni sé breytt meira og minna á hverju ári.

**Í fimmta lagi** vil ég nefna önnur mál sem ríkisstjórnin erfir frá þeirri fyrri. Þannig verður áfram haldið með breytingar á gjaldtöku fyrir akstur á þjóðvegum og kílómetragjald tekið upp. Það er ljóst að landshluti sem byggir útflutning og innflutning á landflutningum að miklu leyti, kemur ekki vel út úr slíkum breytingum. Jafnvel þó hafa meg skilning á því að auknar tekjur ríkissjóðs geti komið til samgöngumála, breytir þetta ekki þessum veruleika.

Og svo eru það önnur mál sem þessi ríkisstjórn erfir frá þeirri fyrri. Þannig fæst ekki séð að fjármunir séu til að byggja þau fjögur verkmenntahús sem byggja á átti kringum landið, þar af eitt á Ísafirði. Við erum enn að bíða eftir að nýtt áhættumat erfðablöndunar verði kynnt, en þar teflir um tugmilljarða hagsmuni fyrir Vestfirði og Ísland á ári hverju. Ég hef talsverðar áhyggjur af því að hér verði ekki lítið til allra þriggja stoða sjálfbærni.

Ein jákvæð frétt frá síðustu mánuðum, og ótengd fjármálaáætlun, er að Vesturverk og Landsnet gerðu samning um að hefja aftur undirbúning framkvæmda við Hvalárvirkjun. Landsnet er komið áleiðis í undirbúningi á línuleiðum og samningar þar að lútandi hafa verið undirritaðir og fundir haldnir. En þá kemur babb í bátinn. Nú get ég tilkynnt hér, sem ekki hefur verið sagt frá opinberlega svo ég viti til, að hæstiréttur hefur ákveðið að fresta fyrirtöku sinni á landamerkjamáli á Ófeigsfjarðarheiði fram á haust, en því máli átti að ljúka nú í apríl eftir langan aðdraganda á tveimur dómsstigum. Mínar upplýsingar benda til þess að þetta hafi beinar tafir á verkinu í för með sér, og eru sorgleg viðbót í langan lista þjóðhagslega skaðlegrar réttindagæslu einstaklinga og fámennra hópa. Drangavík er eyðijörð og hefur verið lengi.

En gott og vel. Einar og sér kunna þessar hugmyndir í fjármálaáætlun að vera skiljanlegar. En þegar skattkerfisbreytingar sem boðaðar koma nær allar hlutfallslega illa niður á Vestfjörðum, verður maður frekar foj. Ég hef því legið í símanum síðustu daga, til viðbótar við þau samskipti sem hafa verið síðustu vikur og mánuði. Við þetta verður ekki unað.

Ríkisstjórnin og meirihluti Alþingis hefur endanlega valdið í þessu og þar er boltinn formlega.